

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Seyðisfirði



Dags eftirlits	16.10.2014	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson	
Fyrirtæki	Skeljungur	Fulltrúi UST		
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið	
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía	
Fulltrúi fyrirtækis	Aðalsteinn Árnason	ÍSAT nr.	51.51.0	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	733381,426	538446,438

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi. Ein athugasemd er gerð við umbúnað á áfyllingarplani.

UMFANG EFTIRLITS

Geymar og lagnir í olúbirgðastöðinni eru í góðu lagi. Allir geymar botnþykktarmældir árið 2008 og einu lagnirnar í stöðinni eru inndælingarlagnir fyrir geymana og lagnir sem liggja út í dæluhús við hlið áfyllingarplans. Allar lagnir eru á lofti og auðvelt að framkvæma sjónskoðun á þeim.

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók fyrir stöð Skeljungs á Seyðisfirði, skráningar og mælingar sem kröfur eru gerðar um. Ekki eru gerðar athugasemdir við skráningar í stöðinni.

Farið var í skoðun á olúbirgðastöðinni, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró), olíuskilja og fráveitumál. Loki í frárennsli mengunarvarnaþróar stóð lokaður. Enn er hætt á að sjór flæði inn á áfyllingarplan stöðvarinnar á stórstraumsflöði. Afleiðingar eru aukið álag á olíuskiljuna.

Skoðaðar voru framkvæmdir vegna fráviks sem kom fram á síðasta ári. Breytingar hafa verið gerðar á frárennsli frá olíuskilju og er þeim ætlað að koma í veg fyrir að olíuskiljan yfirfyllist við háa sjávarstöðu. Prófað var fyrir olíuleifum í frárennsli stöðvarinnar með Macherey-Nagel olíuprófi og greindist ekki olía í frárennslinu.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar.

Bensín er ekki geymt í stöðinni.

ATHUGASEMDIR

Umbúnaður við áfyllingarplan.

Vegna þess hve olúbirgðastöðin stendur lágt kemur það fyrir að sjór flæði inn á áfyllingarplanið með auknu álagi á olíuskilju stöðvarinnar.

Hanna þarf lausn sem hæfir vandanum.

Reykjavík, 02.12.2014

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.